

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 161/2003**

**frá 7. nóvember 2003**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2003 frá 26. september 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2003 frá 16. janúar 2003 um notkun upplýsinga úr öðrum heimildum en tölfræðilegum könnunum og fresti til að skila niðurstöðum könnunar 2003 á framleiðsluskipan á bújörðum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 24a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 959/93) í XXI. viðauka við samninginn:

„24b. **32003 R 0068:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2003 frá 16. janúar 2003 um notkun upplýsinga úr öðrum heimildum en tölfræðilegum könnunum og fresti til að skila niðurstöðum könnunar 2003 á framleiðsluskipan á bújörðum (Stjtíð. EB L 12, 17.1.2003, bls. 5).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í lok I. viðauka:

„Ísland: Opinberar skýrslur til auðkenningar og skráningar á búfé og um nýtingu ræktarlands.

Skrá um framleiðslustyrki.

Liechtenstein: Engar.

Noregur: Umsóknir um ríkisstyrki.

Auðkenningarkerfi fyrir nautgripi.“

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 74 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 41.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. EB L 12, 17.1.2003, bls. 5.

b) Eftirfarandi bætist við í lok II. viðauka:

”

Ísland	Desember 2003 til janúar 2004	31.9.2004
Liechtenstein	Apríl 2003	31.12.2004
Noregur	Júní 2003	31.12.2004

““

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 68/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*Ø. Hovdkinn*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.